

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/2627
komudagur 24.5.2012

Reykjavík, 24. maí 2012.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðslur ríkissjóðs á bóttum til þolenda afbrota nr. 69/1995, með síðari breytingum (hækkun hámarksgreiðslna o.fl.) 140. löggjafarþing, þskj. 1116 – 686. Mál.

Laganefnd LMFÍ hefur fengið framangreint frumvarp til umsagnar. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu er tilgangur þess er leitast við að bæta stöðu þolenda kynferðisbrota með því að hækka hámarksgreiðslu á miskabóttum. Í öðru lagi sé lögð áhersla á að bæta fremur meira tjón heldur en það sem minna er. Laganefnd telur umrædd ákvæði gefa tilefni til eftirfarandi athugasemda.

Að mati Laganefndar er hækkun á hámarksbóttum vegna varanlegs miska til þess fallin að ná fram markmiðum frumvarpsins. Laganefnd telur hins vegar varhugavert að ætla að breyting sú sem lögð er til á hækkun bóta vegna varanlegrar örorku sé til þess fallin að ná markmiðum sínum í ljósi þess að í frumvarpinu er einnig lagt til að ekki verði greiddar bætur fyrir varanlega örorku nema hún nái að lágmarki 15%.

Þá gerir Laganefnd LMFÍ alvarlegar athugasemdir við ákvæði 4. gr. frumvarpsins þar sem mælt er fyrir um heimild ráðherra til að setja leiðbeiningar um greiðslu þóknunar til lögmanns vegna aðstoðar við meðferð máls hjá bótanefnd og binda hana við tiltekna fjárhæð. Líkt og greint er frá í greinargerð með frumvarpinu er bótanefnd almennt bundin við ákvörðun dómstóla um þóknun til lögmanns. Hér er hins vegar lagt til að framkvæmdarvaldinu sé veitt heimild til að víkja ákvörðun dómstóla til hliðar sem samrýmist vart almennum sjónarmiðum um þrískiptingu ríkisvalds. Þá ber og að hafa í huga að yfirlýst markmið frumvarpsins er að bæta stöðu þolenda kynferðisbrota. Að mati Laganefndar samrýmist það vart tilgangi frumvarpsins að takmarka með þessum hætti aðgang að réttargæslu sem telja verður sérstaklega mikilvæga fyrir þolendur kynferðisbrota.

Með vísan til framangreinds leggst Laganefnd gegn samþykkt frumvarpsins í núverandi mynd.

Virðingarfyllst,

F. h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands

Dóra Sif Tynes, hdl.

